

Fundur 17.4.2023 Sitjandi hundur

Komið þið öll sæl.

*Góða kvöldið.*

Kærleikur og friður frá okkur hér á framlífs jörð og bestu óskir andanna og forfeðranna og mannkynjanna sem með okkur eru og get ég ekki talað lengi við ykkur.

Hef ég beið nokkuð lengi eftir að komast í sambandið, get aðeins sagt örfá orð, og mun ég svo koma síðar og segja betri deili á mér.

Vil ég efla ykkur af friði og kærleika og vil ég senda inn í ykkur, mína miklu dýraanda skógarins og orku þeirra og frið og visku náttúrunnar.

Og finn ég að margir á gömlu jörðinni eru komnir of langt frá náttúrunni og munu þurfa jarðtengingu aftur og því miður get ég ekki gefið mér mikinn tíma til að tala við ykkur í kvöld.

En hef ég beðið þess lengi að komast í sambandið og hefur þjóð mín lengi mátt sæta ágangi og höfum við þó verið ykkur nærri og sent ykkur orku og styrk og góða strama.

Og finn ég einnig marga góða kærleikskenndir til okkar streyma frá ykkur og hafið þið ekki gleymt okkur, þótt um okkur sé sjaldan fjallað, nú orðið og ekki alltaf í jákvæðu ljósi.

Höfum við haldið menningu okkar óspjallaðri áfram og þróað hana og þroskað í framlífi og vil ég gjarnan fjalla um það síðar og er það undir ykkur komið.

Finn ég að hér hafa margir talað lengi og orkan ekki nægileg, ætla ég að segja til nafns og mun ég koma síðar og þið munið eftir mér.

Er ég fæddur og uppalinn í Bandaríkjunum, er frumbyggji.

*Indíáni?*

Já, nafn mitt er Sitjandi hundur og var ég uppi um átjánhundruð og fram á nítjandu öld.

*Vertu bara hjartanlega velkominn.*

Pakka ég fyrir.

*Það var mjög gott að fá þig í sambandið.*

Finn ég að góðir straumar eru á milli og þið skiljið okkur vel og höfum við lengi ætlað að komast í sambandið en ég er tilbúinn með ræðu en ég ætla að láta hana bíða og ætla að koma síðar þar sem,

*Vertu hjartanlega velkomin aftur.*

Pakka ykkur fyrir, einhverjir vilja komast að, verið þið sæl.

*Ég bið að heilsa ykkar fólki.*

Ég þakka þér kærlega fyrir.

*Vertu sæll.*